

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda leikskólakennara sem hafa sagt upp störfum eða voru í langtímaveikindaleyfi árið 2022**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 21. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er upplýsinga um hversu margir leikskólakennarar og leikskólastjórar hafa sagt upp störfum eða óskað eftir starfslokasamningum hjá Reykjavíkurborg á tímabilinu 1. janúar 2022 til og með 21. nóvember 2022. Þá er jafnframt óskað upplýsinga um hversu margir leikskólastjórar og leikskólakennarar hafa farið í leyfi vegna langtímaveikinda á sama tímabili.*

#### **Svar:**


Leikskólakennarar og leikskólastjórar heyra til stéttarfélaganna Félags leikskólakennara og Félags leikskólastjóra. Í Félagi Leikskólakennara eru einnig háskólamenntaðir starfsmenn með fagmenntun sem nýtist í starfi auk leikskólakennara með leyfisbréf. Af þeim 771 einstaklingum sem eru/voru í einhverju starfshlutfalli í borgarreknum leikskólum hafa 103 einstaklingar farið í langtímaveikindi á tímabilinu janúar til og með nóvember. Veikindi eru skráð í klukkustundum í vinnustund. Klukkustundir eru lagðar saman og umreiknaðar í stöðugildi með því að deila með skilgreindri vinnuskylda á mánuði í klukkustundum í samtöluna. Því er svo deilt með heildarstöðugildum starfseininga(r). Í viðverustefnu Reykjavíkurborgar teljast langtímafjarvistir vera fjarvistir vegna veikinda eða slysa sem vara samfelt í 30 daga eða lengur. Meðaltals hlutfall starfsfólks í langtímaveikindum á tímabilinu eru 4,7%. Gögnin voru fengin úr Mannauðsappi í Qlik sense í janúar 2023 og náðu yfir árið 2022 að desember undanskyldum.

Hafa ber í huga að skráning á langtímaveikindum er að einhverju leiti ábótavant, kemur ekki alltaf inn á réttum tímabilum o.fl. Þessar tölur ættu þó að gefa einhverja mynd af því hvernig staðan er að meðaltali.

Skv. gögnum úr launakerfi borgarinnar sögðu 75 starfsmenn í tveimur ofangreindum stéttarfélögum upp störfum en þar af fóru 9 til starfa í öðrum leikskólum borgarinnar og 2 í önnur störf hjá sviðinu. Rétt er þó að taka fram að það kemur fyrir að starfslok eru ekki ávallt keyrð strax og því geta starfslok fyrri hluta tímabilsins verið frá árinu áður og að einhver eigi eftir að koma inn.



Skipting veikinda



Skipting veikinda starfsfólks í Félaga stjórnenda í leikskólum og Félaga leikskólakennara árið 2022. Mikil skammtímaveikindi fyrstu þrjú mánuði ársins 2022 skýrast fyrst og fremst af ómíkrón afbrigði Covid.